

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru á árinu 2005


Verðlagsnefnd búvara hóf á haustmánuðum undirbúning verðlagningar mjólkur og mjólkurvara sem gengið var út frá að tæki gildi um áramót. Fljótlega kom í ljós verulegur ágreiningur innan nefndarinnar um þörf á verðbreytingum.

Fulltrúar samtaka launþega töldu að afkoma mjólkuriðnaðarins fyrir árið 2004 gæfi ekki tilefni til hækkana, rekstrarhagnaður væri umtalsverður eftir að yfirverði hafi verið skilað til framleiðenda. Fulltrúar iðnaðarins bentu aftur á móti m.a. á að umrædd afkoma væri tilkomin vegna hagræðingar í greininni svo og þróttmikils markaðs- og vörupróunarstarfs sem hefði skilað árangri umfram væntingar. Ekki væri heldur hægt að líta framhjá að miklar fjármagnstekjur ættu drjúgan þátt í nefndri afkomu.

Á fundi Verðlagsnefndarinnar 1. desember náðist samkomulag um 1,46% hækkun heildsöluverðs nýmjólkur sem svarar til 1 krónu á lítra og að aðrar mjólkurvörur hækki ekki umfram 2,5%. Jafnframt samþykkti nefndin hækkun á verði til bænda um 2,9% eða kr. 2,42 á lítra.

Ofangreint samkomulag felur í sér hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur og mjólkurafurða um 2% og er þá gert ráð fyrir að innheimta á verðmiðlunargjaldi, sem er 65 aurar á lítra skv. 19. gr. búvörlaga, falli niður og verði nýtt til lækkunar á vinnslukostnaði mjólkuriðnaðarins.

Á myndinni hér að neðan má sjá þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar annars vegar og neysluverðsvisítölu hins vegar á tímabilinu desember 1990 t.o.m. janúar 2006.



Vísitala neysluverðs hefur, á tímabilinu desember 1990 - janúar 2006, hækkað um 68,0%. Á sama tíma hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur, skv. ákvörðun Verðlagsnefndar, hækkað um 36,3%. Á þessum árafjölda eru tvö tímabil sem sýna verðstöðvun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur. Fyrst er að nefna tímabilið frá 1991 - byrjun árs 1996, en á þeim tíma var verðstöðvun mjólkur vegna gerðra þjóðarsáttarsamninga þar sem sett var hagræðingarkrafa á mjólkuriðnað og mjólkurframleiðendur. Næsta tímabil verðstöðvunar var frá seinni hluta 2002 til loka árs 2005. Þessi verðstöðvun var framkvæmd skv. sameiginlegri ákvörðun fulltrúa allra hagsmunaaðila í Verðlagsnefnd.

Rétt er að geta þess að verðstöðvun, 2002 - 2005, var grundvölluð á afrakstri þegar framkvæmdra hagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaði svo og þróttmiklu vöruþróunarstarfi undangenginna ára.

Þá ber einnig að geta þess að á tímabilinu 2002 - 2005, hækkaði afurðaverð til mjólkurframleiðenda, skv. ákvörðun Verðlagsnefndar, án þess að sú hækkun færi út í verðlag á markaði. Mjólkuriðnaðurinn tók því á sig verðstöðvun vinnslu- og dreifingarkostnaðar, á tímabilinu, auk hækkunar afurðaverðs til mjólkurframleiðenda.

*Guðlaugur Björgvinsson
Hólmgeir Karlsson
Pálmi Vilhjálmsson*